



FRANSKA 2A05

Námsáætlun, haustönn 2021

Kennari

Eva Leplat Sigurðsson

Netfang

eva.sigurdsson@borgo.is

Lýsing

Áhersla er áfram á alla færniþætti, tal, hlustun, lestur og ritun. Áframhaldandi nám er í málfræði og uppbyggingu málsins (ný málfræðiatríði eru m.a. ýmis fornöfn, framtíð, þátíðin imparfait og munur hennar og passé composé). Hlustunar- og talæfingar eru á dagskrá eins og áður. Aukin áhersla er á þjálfun mismunandi lestrarlags með lestri margvíslegra texta og orðaforði nemenda og lesskilningur þannig efldur. Nemendur rita texta af ýmsu tagi, m.a. um liðna atburði og framtíðaráform. Sem fyrr eru nemendur fræddir um frönskumælandi þjóðir og menningu þeirra og vinna í því sambandi stutt þemaverkefni sem þeir kynna hver fyrir öðrum. Auknar kröfur eru um sjálfstæð vinnubrögð, m.a. hvað varðar notkun orðabóka og annarra uppflettirita.

Þekkingar-, leikni- og hæfniviðmið:

Að nemendur

- hafi náð skýrum framburði og eðlilegu hljómfalli og blæbrigðum í lestri og tali
- hafi enn styrkt málfræðigrunn sinn
- hafi aukið verulega við orðaforða sinn
- geti lesið franskt ritmál af ýmsu tagi um margvísleg efni, m.a. blaðgreinar og bókmenntatexta
- geti skilið franskt talmál af margvíslegum toga
- geti tjáð sig munnlega á frönsku við allar algengar aðstæður og tekið þátt í samræðum
- geti skrifað flóknari gerðir texta

hafi enn bætt skilning sinn á Frakklandi, frönskumælandi löndum og menningu.

Námsmat

20% 1. hlutapróf orðaforði – lesskilningur - málnotkun

20% 2. hlutapróf orðaforði – lesskilningur - málnotkun

15% kynningar

15% vídeó/munnlegt verkefni

15% ritunarverkefni (A5 bók)

15% hlustun

Aðrar mikilvægar upplýsingar

Til að nemandi standist áfangann þarf hann að fá yfir **4,5** í meðaleinkunn. Einnig verður nemandi að taka próf eitt og tvö og skila vídeó-verkefni til að standast áfangann.

Nemendur sem eru veikir eða með gilda afsökun eiga möguleika á að taka það próf sem þeir misstu af í námsmatstíma fljótlega á eftir eða í samráði við kennara.

Þegar kennslan fer á Zoom verða nemendur að vera með hljóð og mynd.

**Námsgögn**

INNA, A4 plastmappa með glærri forsiðu, A5 stilabók og ýmis gögn frá kennara

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats-þættir
1	18.-20. ágúst	Présentation du cours	
2	23.-27. ágúst	La ville	
3	30. ágúst-3. sept.	Le futur	
4	6.-10. sept.	Le petit chaperon rouge	ritunarverkefni 5% Nýnemahátíð
5	13.-17. sept.	Passé et présent	
6	20.-24. sept.	La maison L'habitation	
7	27. sept.-1. okt.	Rencontres	Varða I
8	4. okt.-8. okt.	Pays et villes francophones	próf 1 20% Heilsudagur
9	11. okt.-15. okt.	La nature	kynningar 15%
10	18. - 21. okt.	Les loisirs	Hausthlé
11	26. - 29. okt.	La ville ou la campagne	ritunarverkefni 5% Hausthlé
12	1.-5. nóv.	Le centre-ville ou la banlieue	Varða II
13	8.-12. nóv.	L'assassin habitait à côté I	ritunarverkefni 5%
14	15.-19. nóv.	L'assassin habitait à côté II	hlustun 15%
15	22.-26. nóv.	L'assassin habitait à côté III	próf 2 20%
16	29. nóv - 3. des.	Préparation vidéo	
17	6.-10. des.	Préparation vidéo og bland í poka	munlegt verkefni / vídeó 15%
18	13.-17. Des.		Kennslu lýkur Varða III

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.